Vatnsveitunni er heimilt að mæla notkun vatns yfir 1 ár og miða síðan við að um sömu notkun verði að ræða næstu ár þó að þá sé eigi mælt.

16. gr.

Heimilt er að selja vatn eftir mæli, er vatnsveitan leggur til, en notendur greiða fyrir hæfilega leigu eftir ákvörðun vatnsveitunefndar. Sé vatn selt eftir mæli skal greiða samkvæmt gjaldskrá.

Fyrirtæki svo sem þvottastöðvar bifreiða, greiði vatnsskatt sem stjórn vatnsveitunnar ákveður í gjaldskrá.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts húsa.

17. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið. Gjalddagi vatnsskatts húsa er samhliða gjalddaga fasteignagjalda.

Vatnsskattur samkvæmt 16. gr. fellur í gjalddaga annanhvern mánuð eftir á eða þegar verksmiðjurekstur hættir ár hvert.

18. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 40 000.00 nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Með mál út af brotum gegn reglugerðinni skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Ölfushrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 21. júlí 1976.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

21. júlí 1976. Nr. 309.

GJALDSKRÁ

fyrir Vatnsveitu Þorlákshafnar.

1. gr.

Fyrir hverja húseign í lögsagnarumdæmi Þorlákshafnar skal árlega greiða vatnsskatt. Þó skal gjald þetta ekki innheimt fyrr en viðkomandi hús getur fengið vatn úr dreifikerfi vatnsveitunnar.

2. gr.

Vatnsskattur samkv. 1. gr. skal vera 0.37% af framreiknuðu gildandi matsverði húss og lóðar. Hafi fasteignamat ekki farið fram á húsi, sem hægt er að tengja dreifikerfi vatnsveitunnar, áætlar vatnsveitan gjaldið. Lágmarks vatnsskattur skal vera kr. 5 000.00 á ári.

3. gr.

Notkunargjald skv. vatnsmæli.

Vatnsveitan leggur til vatnsmæla í þau hús, sem hún telur ástæðu til, og skal notandi greiða kr. 11.00 fyrir hvern rúmmetra vatns. Mælaleiga er kr. 2 500.00 fyrir árið. Bílaþvottaplön skulu greiða kr. 25 000.00 yfir árið.

4. gr.

Vatn til landshafnar.

Vatn til landshafnar er ætlað til skipa og báta. Það er selt eftir magni. Landshöfn selur síðan vatnið til skipa og báta. Settir verða mælar á vatnsæðar er liggja að hafnargörðum. Vatnsveitan leggur til mælana og umbúnað þeirra og annast viðhald þeirra. Í leigu skal greiða kr. 5 000.00 fyrir hvern mæli/ár.

Verð á 1 m^3 vatns til landshafnar er kr. 30.00.

5. gr.

Fyrir önnur vatnsnot þar sem mælingu verður eigi við komið, skal greiða gjald eftir ákvörðun vatnsveitunnar hverju sinni.

6. gr.

Stofngjöld.

Vatnsveitan sér um lagningu heimæða í hús og setur þar upp vatnsmæla á sinn kostnað. Mælar eru ekki settir í íbúðarhús.

7. gr.

Í stofngjald skal greiða kr. 33.00 fyrir hvern fermetra lóðar fyrir einbýlishús, tvíbýlis-, rað- og fjölbýlishús.

8. gr.

Ef um er að ræða óvenju langar og kostnaðasamar heimtaugar, skal húseigandi greiða það, sem talist getur umfram eðlilegan kostnað heimtauga.

9. gr.

Stofngjald samkvæmt ákvæðum þessarar gjaldskrár skal greitt í einu lagi, áður en tenging við dreifikerfi vatnsveitunnar er framkvæmd.

10. gr.

Stofngjöld skulu greiðast á skrifstofu Ölfushrepps jafnframt mun skrifstofa Ölfushrepps annast innheimtu fastagjaldsins ásamt notkunargjöldum.

11. gr.

Ef loka þarf fyrir vatnsinntak svo sem vegna þess að notkunar- eða fastagjald hefur eigi verið greitt innan 10 daga frá útsendingu reiknings eða stofngjald innan tilskilins frests skv. kröfubréfi Ölfushrepps eða af öðrum þeim ástæðum, sem greindar eru í reglugerð fyrir vatnsveitu Ölfushrepps, Þorlákshöfn, skal húseigandi greiða kr. 2 000.00 í opnunargjald áður en enduropnun fer fram.

12. gr.

Hreppsnefnd getur hækkað eða lækkað framantalin gjöld, öll gjöldin eða hvert um sig um allt að 50% án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytis.

Gjöld miðast við byggingarvísitölu frá Hagstofu Íslands sem sett var 100 stig í október 1975. Breyting er leyfileg í samræmi við það þó ekki hærri en 50%.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Ölfushrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 21. júlí 1976.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.